



PERSPEKTIVE Newsletter



Co-funded by
the European Union

Project n. 2023-1-DE02-KA220-ADU-000154378

Project period: 01st December 2023 - 30th November 2026

2nd Newsletter / Sept '24

Annar verkefnisfundur í Búkarest (TPM2)

Tveggja daga verkefnisstjórnunar-fundur í Búkarest heppnaðist vel! Teymið kafaði í umræður um lykilverkefnisþætti, með áherslu á vinnupakka 4 (Expert Network) og vinnupakka 2 (Handbook) á góðum fundi í Jilava fangelsinu. Hápunkturinn má segja að hafi verið kennslufræðilegar æfingar með föngum ásamt ítarlegri könnun á fræðilegum ramma, sérstaklega á svokölluðu þægindalíkani, sem lýtur að endurfélagsmótun fanga, þar sem frekari skilgreiningar voru unnar. Annar dagur hófst með frístund, þar sem fulltrúar fangelsa frá sex löndum áttu saman umræður um það sem betur gæti gerst í fangelsum og varðaði WP1 stjórnunarstefnu. Samstarfsaðilar áttu þess jafnframt kost sameiginlega að láta til sín taka varðandi innsýn inn í Handbókina með nýstárlegri fræðslu fyrir starfsfólk fangelsa. Samvinna er kjarninn í framförum og við erum spennt að deila með EPALE samstarfsnetinu. PERSPEKTIVE vefsíðan verður þó alltaf okkar aðal síða.



Undir leiðsögn, fengum við að kynnst bæði nútíma og fyrrum fangelsisvistun fanga, þar sem við fengum innsýn inn í fortíð og nútíð í fangelsismálum.



Samstarfsaðilar verkefnisins og fangar fengu sjálfir að prófa þrjár kennslu-áætlanir og velta þeim fyrir sér saman.



Peter Dohmen
Verkefnisstjóri

Erasmus Dagar

23.10.2024 sem þýðir #Erasmusdays nutum við þeirrar ánægju að kynna PERSPEKTIVE-verkefnið okkar á fyrsta Erasmus stefnumótinu sem Interaktiv GmbH stóð fyrir í Kerpen! Það var frábært tækifæri til að kynna verkefnið okkar innan Erasmus Plus rammans og til að tengjast frábæru fólki. Samskiptin voru hvetjandi og við erum spennt fyrir mörgum framtíðarverkefnum og samstarfi.


Netfundur

Evrópskir sérfræðingar víðsvegar um Evrópu komu saman til að tengjast, skiptast á skoðunum og ræða áherslur og áskoranir í stuðningsumhverfi fanga. Í tvær klukkustundir deildu þátttakendur góðum og hvetjandi vinnubrögðum, deildu með sér reynslu í mismunandi löndum og fengu dýrmæta innsýn í evrópsku samhengi. Þetta var tækifæri til opinna samræðna fyrir næstu fundi, sem haldnir verða í Reykjavík og Izmir á næsta ári!



Fangelsið í Jilava


Tilvitnanir í hagsmunaaðila



Marius*, inmate of Jilava prison in Romania:

"After my release, I will remember the impact the community here had on me. The therapeutic program at Jilava started to change my life and I forgot all the bad things I had done in the past."

*Note: This name is fictitious. The real name is known to the editors.



Vali*, inmate of Jilava prison in Romania:

"After my release, there will be good and bad things that I will remember. We were allowed to see the old Jilava prison. It was such a shock... When you see the transition, what used to be and how the prisoners used to be treated... Now it's ok."

*Note: This name is fictitious. The real name is known to the editors.

Vaxandi Netverk

PERSPEKTIVE samstarfsnetið er alþjóðlegt tengslanet sem tekur virkan þátt í fjölmörgum alþjóðlegum verkefnum sem stuðlar að endurhæfingu fanga. Um alla Evrópu erum við í samstarfi við fjölmarga samstarfsaðila, sem hafa það að markmiði að búa til tækifæri fyrir fanga í aðlögun samfélaga á ný. PERSPEKTIVE sameinar reynslu og starfsháttun og býður upp á brú á milli samfélags og fanga með persónulegri nálgun og atvinnustuðningi.

